



SHS

SLÖKKVILID HÖFUDBORGARSVÆÐISINS

Brunamálaþing 7. apríl 2006

Forvarnarsvið SHS
og
frumvarp að nýjum skipulags- og
byggingalögum



SHS

SLÖKKVILID HÖFUDBORGARSVÆÐISINS

Viðhorf eldvarnareftirlits

- Í frumvarpinu er einungis á einum stað minnst á eldvarnareftirlit, þar sem segir að fulltrúi eldvarnareftirlits skuli vera viðstaddur lokaúttekt öryggisþátta.



SHS

SLÖKKVILID HÖFUDBORGARSVÆDISINS

Viðhorf eldvarnareftirlits

- Núverandi aðkoma eldvarnareftirlits að byggingarmálum er margskonar og umfangsmikil.
- T.d.
 - Umsagnir og ráðgjöf til byggingarfulltrúa vegna afgreiðslu byggingarnefndarmála og annarra mála.



SHS

SLÖKKVILID HÖFUDBORGARSVÆÐISINS

Viðhorf eldvarnareftirlits

- Ráðgjöf og aðstoð við aðalhönnuði.
- Rýni á brunahönnunum og samskipti við brunahönnuði.
- Ráðgjöf og aðstoð við eigendur og notendur mannvirkja.
- Lokaúttektir.



SHS

SLÖKKVILID HÖFUDBORGARSVÆDISINS

Viðhorf eldvarnareftirlits

- Samskiptin byggjast að hluta til á hefðum
- Einnig á reglugerðar- og lagaákvæðum.
- Í lögum um brunavarnir stendur: Hafa í samvinnu við byggingarfulltrúa eftirlit með því að nýbyggingar fullnægi kröfum samkvæmt lögum og reglugerðum um brunavarnir áður en notkun þeirra er heimiluð.



SLÖKKVILIÐ HÖFUDBORGARSVÆÐISINS

Viðhorf eldvarnareftirlits

- Í 8. gr. byggingarreglugerðar sem fjallar um störf byggingarnefndar segir m.a. að slökkviliðsstjóri skuli gæta þess að ákvæðum laga og reglugerða um brunavarnir sé framfylgt.
- Víðar má finna sambærileg ákvæði.



SHS

SLÖKKVILID HÖFUDBORGARSVÆÐISINS

Viðhorf eldvarnareftirlits

- Á grundvelli þessara laga- og reglugerðarákvæða hafa samskipti eldvarnareftirlits og byggingarfulltrúa verið mikil
- Samskipti við hönnuði og húsbyggjendur hafa einnig verið mikil.
- Þessi þjónusta hefur alltaf verið án gjaldtöku.



SHS

SLÖKKVILID HÖFUDBORGARSVÆDISINS

Viðhorf eldvarnareftirlits

- Frumvarpið gerir ráð fyrir að yfirferð hönnunargagna og framkvæmd úttekta verði í höndum faggiltra skoðunarstofa.
- Verði þetta að veruleika munu samskipti eldvarnareftirlits og byggingarfulltrúa að öllum líkindum breytast.



SHS

SLÖKKVILID HÖFUDBORGARSVÆDISINS

Viðhorf eldvarnareftirlits

- Samskipti við hönnuði og húsbyggjendur munu einnig breytast.



SHS

SLÖKKVILID HÖFUDBORGARSVÆDISINS

Viðhorf eldvarnareftirlits

- Verði þetta frumvarp að lögum hefur það umtalsverðar breytingar í för með sér fyrir SHS.
- Yfirferð teikninga og samskipti við byggingarfulltrúa og hönnuði þyrfti þá að vera í formi útseldrar þjónustu og verður í samkeppni við skoðunarstofur.



SHS

SLÖKKVILID HÖFUDBORGARSVÆDISINS

Viðhorf eldvarnareftirlits

- Það hefur verið stefna sveitarfélaganna sem standa að SHS að sveitarfélögin standi ekki í samkeppni við einkaaðila.
- Þar af leiðandi mun þessi þjónusta SHS við byggingarfulltrúa að öllum líkindum falla niður.



SHS

SLÖKKVILID HÖFUDBORGARSVÆDISINS

Viðhorf eldvarnareftirlits

- Eru þessar breytingar æskilegar?
- Þessu fylgja bæði kostir og gallar.
- Samræmt hönnunar- og byggingaeftirlit á öllu landinu.
- Kostnaður fellur á þá sem honum valda.



SHS

SLÖKKVILID HÖFUDBORGARSVÆÐISINS

Viðhorf eldvarnareftirlits

- Ein breyting sem ætti að verða ef frumvarpið tekur gildi er sú að byggingarfulltrúi eða skoðunarstofa ljúki lokaúttektum öryggisþátta allra skoðunarskyldra húsa áður en þau eru tekin í notkun.



SHS

SLÖKKVILID HÖFUDBORGARSVÆDISINS

Viðhorf eldvarnareftirlits

- Byggingarfulltrúi eða faggilt skoðunarstofa afhenda þá eldvarnareftirliti formlega hús sem fengið hafa lokaúttekt öryggisþátta.
- Það er engin þörf á að eldvarnareftirlitið hafi fulltrúa við lokaúttekt.



SHS

SLÖKKVILID HÖFUDBORGARSVÆÐISINS

Viðhorf eldvarnareftirlits

- Ef faggiltar skoðunarstofur taka að sér hönnunareftirlit og byggingarúttektir getur eldvarnareftirlitið snúið sér alfarið að rekstralegu eldvarnareftirliti húsa í notkun en þarf ekki að sinna byggingartæknilegum hlutum sem þá tilheyra byggingarfulltrúa.



SHS

SLÖKKVILID HÖFUDBORGARSVÆDISINS

Viðhorf eldvarnarskoðana

- Meginhluti eldvarnarskoðana forvarnarsviðs SHS hefur hingað til snúist um byggingatæknileg atriði.
- Byggingatæknilegum ágöllum sem koma upp við eldvarnarskoðanir verður vísað til úrlausnar byggingarfulltrúa.



SHS

SLÖKKVILID HÖFUDBORGARSVÆÐISINS

Lög um brunavarnir

- Breyting á lögum um brunavarnir????
- Ef eldvarnareftirlit verður flutt til skoðunarstofa þarf að gæta að ýmsu.
- Áður en í breytingar er ráðist þarf að meta hvað hverfur og hvað kemur í staðinn.



SHS

SLÖKKVILIÐ HÖFUDBORGARSVÆÐISINS

Einkavæðing eldvarnareftirlits

- Slökkviliðsstjóri hefur öflug úrræði til að knýja á um úrbætur ef brunavörnum er áfátt.
- Hvernig á að krefjast úrbóta í einkavæddu umhverfi og hver á að hafa valdið.



SHS

SLÖKKVILIÐ HÖFUDBORGARSVÆÐISINS

Einkavæðing eldvarnareftirlits

- Vitneskja og þekking eldvarnareftirlitsmanna nýtist slökkviliði í eldsvoða.
- SHS hefur komið upp öflugum og virku kerfi eftirfylgni.
- Slökkvilið og eldvarnareftirlit hafa jákvæða ímynd í þjóðfélaginu sem er þess virði að halda í til hagsbóta fyrir alla.



SHS

SLÖKKVILID HÖFUDBORGARSVÆDISINS

Einkavæðing eldvarnareftirlits

- Ef fjárhagslegir hagsmunir ráða við framkvæmd eldvarnarúttekta. Hver á þá að gæta hagsmuna borgaranna?